

214
31. des.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951, um innheimtu ýmissa gjalda 1952 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 frá 27. nóv. 1951 og innheimta á árinu 1952 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1952.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkvæmt VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi. Uppboðslaun samkvæmt V. kafla skulu innheimt með 70% viðauka.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við þessa viðbót, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

215
31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 185 22. okt. 1951 um breyting á reglugerð nr 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl. samkv. lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina breytist svo:

2. Í stað „kr. 5.60 á viku“ komi: kr. 6.70 á viku, og í stað kr. 4.22 á viku“ komi: kr. 5.05 á viku. Ákvæði þessi ná aðeins til lögskráðra sjómanna fyrir janúar og febrúarmánuð 1952, en að öðru leyti verða iðgjöld samkvæmt 112. gr. laga nr. 50 1946 ákveðin þegar kaupgjaldsvisitala marzmánaðar 1952 er kunn.
3. Í stað „kr. 200.00“ komi: kr. 280.00, og í stað „kr. 150.00“ komi: kr. 210.00 (1. verðlagssvæði). Enn fremur í stað „kr. 150.00“ komi: kr. 210.00, og í stað „kr. 120.00“ komi: kr. 170.00 (2. verðlagssvæði).

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 119 29. des. 1951, um breyting á lögum nr. 51/1951 um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.